

GILDISTAKA.

Reglur þessar koma í stað reglna nr. 130/2000 og öðlast þegar gildi. Ákvæði tl.1.10 og 1.11 reglna nr. 130/2000 gilda þó til og með 31. júlí 2002 um þær sölutegundir sem komnar voru í kjarna 1. ágúst 2001. Sömu ákvæði gilda um þær vörur sem komu í reynslusölu 1. ágúst 2001 eða fyrr. Tryggi þessar reglur betur veru vöru í kjarna og árangursríka reynslusölu en reglur nr. 130/ 2000 skal þeim beitt.

ÁKVÆÐI TIL BRÁÐABIRGÐA.

Birgi er heimilt að breyta verði sínu frá og með 1. september 2001 enda hafi hann tilkynnt verðbreytinguna fyrir 10. ágúst. Eigi er birgi heimilt að breyta verði 1. október 2001.

Við gildistöku þessara reglna fellur skráning á biðlista til reynslusölu skv. reglum nr. 130/2000 úr gildi. Þeir sem skráð höfðu vöru á biðlistann fyrir gildistöku þessara reglna eiga rétt á að skrá þá vöru að nýju. Við endurskráningu skal vara halda þeirri röð, sem hún var í á biðlistanum eftir því sem við á.

Endurskráningu skal lokið 30. september 2001.

Sala áfengis hefst í Smáralind í október 2001.

Sala sérlistavína í Kringlunni hefst í nóvember 2001.

Reykjavík, 7. ágúst 2001.

Í stjórn Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins:

Hildur Petersen.

Sigurður M. Magnússon.

Pórhallur Jósefsson.

Með vísan til 13. gr. reglugerðar nr. 205/1998, um Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, staðfestast reglur þessar hér með.

Fjármálaráðuneytinu, 9. ágúst 2001.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

Telma Halldórsdóttir.

SAMÞYKKT**um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Gnúpverjahrepps.**

1. gr.

Á eftir orðunum „Hreppsnefndarmanni er“ í 2. mgr. 35. gr. bætist orðið: ekki.

2. gr.

20. tl. 51. gr. orðast svo:

Hússtjórn Þjóðveldisbæjar í Þjórsárdal. Hreppsnefnd tilnefnir einn fulltrúa samkvæmt reglum um Þjóðveldisbæinn í Þjórsárdal, dags. 18. nóvember 1985.

Samþykkt þessi sem hreppsnefnd Gnúpverjahrepps hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 7. ágúst 2001.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Guðjón Bragason.

SAMÞYKKT

um stjórn og fundarsköp Skaftárhrepps.

I. KAFLI

Um skipan sveitarstjórnar og verkefni hennar.

1. gr.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps er skipuð sjö sveitarstjórnarmönnum kjörnum samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998, sbr. 8. og 12. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

2. gr.

Starfstímabil sveitarstjórnar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Sveitarstjórn fer með stjórn Skaftárhrepps samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer sveitarstjórnin með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum sveitarfélagsins að svo miklu leyti sem sveitarstjórn hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Sveitarstjórn skal gæta hagsmuna sveitarfélagsins og vera í fyrirsvari fyrir það og vinna að sameiginlegum velferðarmálum íbúa þess.

5. gr.

Sveitarstjórn annast þau verkefni sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum. Þá getur sveitarstjórn ákveðið að sveitarfélagið taki að sér verkefni sem varðar íbúa þess sérstaklega enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Meðal verkefna sveitarstjórnar Skaftárhrepps er:

1. Að kjósa oddvita og varaoddvita sveitarstjórnar, nefndir, ráð og stjórnir skv. V. kafla samþykktar þessarar, kjósa skoðunarmenn til að yfirfara ársreikninga sveitarfélagsins og ráða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki sem vinna skal að endurskoðun hjá sveitarfélaginu.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga, sbr. og VI. kafla samþykktar þessarar.